

80

7. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

52. gr. laga nr. 75 27. júní 1921 orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að lækka, eða eftir atvikum láta niður falla, sektir samkvæmt lögum þessum, ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1940.

Gjört i Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

81

7. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að framlengja um 3 ár, frá 1. jan. 1944 að telja, einkaleyfi Háskóla Íslands til þess að reka happdrætti, samkvæmt lögum nr. 44 19. júní 1933, með þeim skilyrðum, sem greind eru í þeim lögum, sbr. 15. gr. laga nr. 97 3. maí 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er ríkisstjórninni þá heimilt að framlengja þegar einkaleyfið.

Gjört i Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Jakob Möller.